

**Ed.**

**992. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um bráðabirgðaverðhækkunartoll á útfluttum, islenskum afurðum (þingskj. 956).

Nefndin, sem fjekk þetta mál til íhugunar, hefir haft að eins örskamm-an tíma, til að ráða ráðum sínum um það, og hefir niðurstaðan orðið þessi:

Einn nefndarmanna (H. Kr.) leggur gegn því að frumvarpið verði látið ganga fram.

Tveir nefndarmanna (B. P. og Stgr. J.) ráða eindregið til þess, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt með öllu. Og tveir aðrir nefndarmanna (K. E. og Kr. D.) eru því meðmæltir að frumvarpið verði gert að lögum, þó með þeirri breytingu, að af 10 fyrstu afurðaliðum 3. greinar, verði goldinn að eins einn af hundraði.

Efri deild Alþingis, 14. sept. 1915.

Kristinn Danielsson.  
form.

Björn Þorláksson,  
skrifari.

Hákon J. Kristófersson.

Steingrímur Jónsson.

Karl Einarsson.